



Borgarráð

Skerjafjörður - Hagkvæmt húsnæði – Framlenging lóðarvilyrðis

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita HOOS 1 ehf., kt. 520515-0460, Lynghálsi 4, 110 Reykjavík, framlengingu á lóðarvilyrði fyrir lóð í Skerjafirði um eitt ár.

Greinargerð:

Í kjölfar samþykktar borgarráðs þann 11. apríl 2019, veitti Reykjavíkurborg, þann 15. apríl 2019, HOOS 1 ehf., kt. 520515-0460, lóðarvilyrði fyrir úthlutun lóðar í Skerjafirði til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur, með fyrirvara um samþykki deiliskipulags. Í grein 2.1 í vilyrðinu kemur fram að það falli niður verði deiliskipulag ekki samþykkt innan tveggja ára frá samþykkt vilyrðisins. Deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt en gert er ráð fyrir að það fari fyrir borgarráð á næstu vikum. Í ljósi aðstæðna er nauðsynlegt að framlengja lóðarvilyrðið til 15. apríl 2022 í stað 15. apríl 2021.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara